

**Ed.**

## **254. Frumvarp til laga**

um afhending dómkirkjunnar til safnaðarins í Reykjavík og skiptingu Reykjavíkur í prestaköll.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

### **1. gr.**

Dómkirkjan í Reykjavík skal afhent dómkirkjusöfnuðinum til eignar, umráða og afnota með þessum skilyrðum: Ríkið greiði 300 — þrjú hundruð — þúsund krónur til nýrra kirkjubygginga, með 10 þúsund krónum á ári í 30 ár. Ríkið skal hafa eftir sem áður aðgang að dómkirkjunni án sérstaks gjalds. — Fari fyrsta greiðsla fram árið 1945 og síðan árlega.

### **2. gr.**

Eftir afhendingu dómkirkjunnar í hendur safnaðarins skal skipta söfnuðinum í 4—6 sóknir. Kirkjustjórnin ákveður takmörk sókna, eftir tillögum prestakallaskipunarnefndar og kirkjuráðs.

### **3. gr.**

Kirkjubyggingar í hinum nýju sóknum annast og kostar söfnuður hverrar sóknar. Hver sókn fær auk kirkjugjalds frá ársbyrjun þess árs, er greiðslur hefjast, hluta af fé því, er ríkið leggur til kirkjubygginga samkvæmt 1. gr. Greiðist féð í hinn al-

menna kirkjusjóð og skiptist jafnt milli nýju sóknanna, eftir að 100000 kr. hafa verið lagðar til fyrirhugaðrar kirkju á Skólavörðuhæð.

4. gr.

Sóknir þær, er nefndar eru í 2. gr., skulu vera jafnmörg prestaköll, og skulu vera í þeim svo margir prestar, að því svari, að 1 prestur sé fyrir hverja 5000 sóknarmanna. En ef fólkinu fjölgar, skal prestum fjölga í hlutfalli við fólksfjölda, þannig, að á hvern prest komi sem næst fimm þúsund manns. Skulu þessi prestaköll vera sérstakt prófastsdæmi með dómprófasti. Ákveður héraðsfundur þess prófastsdæmis, hvernig skipta skuli tillagi ríkissjóðs til kirkjubýgginga milli sóknanna.

5. gr.

Reykjavíkurbær skal leggja ókeypis lóð undir fyrirhugaðar kirkjur í hinum nýju sóknum, einnig undir prestsseturshús. Skulu staðirnir valdir með samþykki kirkjustjórnar þegar er sóknarskipun hefir verið ákveðin.

6. gr.

Auk lögmæltra launa skal greiða prestunum 1200 kr. hverjum á ári í húsaleigustyrk, þar til prestsseturshús verða reist.

7. gr.

Ákvæði 2.—6. gr. koma til framkvæmda við næstu prestaskipti í Reykjavíkurstastakalli, eða þegar núverandi prestar dómkirkjusafnaðarins samþykkja breytinguna.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.